SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölfhólsgötu 7
101 Reykjavík

srn@srn.is

Reykjavík, 28. nóvember 2019

**Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um samvinnuverkefni við vegaframkvæmdir, S-283/2019.**

Samtök atvinnulífsins styðja efni frumvarpsdraganna og að þau verði að lögum.

Í drögunum er lagt til að Vegagerðinni verði heimilt að gera samning við einkaaðila um að tilteknar samgönguframkvæmdir verði unnar sem samvinnuverkefni um fjármögnun, áætlanagerð, hönnun, uppbyggingu, viðhald, rekstur og önnur atriði til að ljúka framkvæmd og reka mannvirki í tiltekinn tíma.

Lagt er til að undir fyrirhuguð lög falli sex vegaframkvæmdir sem taldar eru upp. Samtökin leggja til að undir gildissvið laganna falli einnig svo kölluð Húnavallaleið sem stytt getur hringveginn um 17 km og Vindheimaleið í Skagafirði þar sem hringvegurinn getur styst um 6 km til viðbótar. Æskilegt er að að á næstu árum verði ráðist í allar þessar framkvæmdir. Umferðaröryggi eykst, umhverfisáhrif samgangna minnka, leiðir styttast og unnt er að ráðast í framkvæmdirnar fyrr en ella.

Samtökin hafi lengi kallað eftir auknu hlutverki einkaaðila við uppbyggingu og rekstur samgöngumannvirkja sem flýta framkvæmdum, draga úr áhættu ríkisins og hvetur til þróunar og nýsköpunar.

Gert er ráð fyrir að sérstakt gjald verði innheimt hjá þeim sem nýta mannvirkin sem byggð verða samkvæmt tillögunni og þá er mikilvægt að í öllum tilvikum er unnt að velja aðra leið og þannig komast hjá því að greiða hið sérstaka gjald.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað nokkuð ítarlega um tekjur ríkisins af ökutækjum og eldsneyti og þeim skipt eftir því hvort þær renna til vegagerðar eða almenns reksturs ríkissjóðs. Fyrir skattgreiðendur skiptir þessi skipting engu máli, enginn munur er á krónunni sem hann greiðir, hvort hún rennur til Vegagerðarinnar eða ekki. Það blasir hins vegar við að skattar og gjöld vegna ökutækja og eldsneytis eru mun hærri en nemur því sem til vegagerðar er ráðstafað.

Nú mun unnið að endurskoðun allra gjalda vegna ökutækja og eldsneytis og þá er mikilvægt að hafa í huga að þótt byggt verði meira á notkunargjöldum en nú, þá má það ekki verða til að auka skattheimtuna frá því sem nú er. Fyrirhuguð gjaldtaka verður að vera einföld, sanngjörn og hófleg.

Vel tókst til með byggingu og rekstur Hvalfjarðarganga og engin ástæða til annars en að ætla að jafnvel muni takast til með framkvæmdirnar sem fjallað er um í frumvarpsdrögunum og þær sem hér er lagt til að bætist við.

Almennt séð telja þó samtökin brýnast að ráðast í framkvæmdir við samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og umhverfis það.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Pétur Reimarsson

verkfræðingur.